

19. júní 1984

426

Nr. 282

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka og Strandagrunni.

1. gr.

Frá og með 20. júní 1984 uns annað verður ákveðið eru togveiðar bannaðar á svæði, sem afmarkast af línnum dregnum milli eftirfarandi punkta:

- | | |
|---------------|------------|
| 1. 66°55'32"N | 21°50'39"V |
| 2. 66°58'23"N | 21°00'02"V |
| 3. 66°51'15"N | 20°55'45"V |
| 4. 66°30'18"N | 21°31'25"V |

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 20. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júní 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.